



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 18. ágúst 2026

SFS25010151

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um niðurfellingu skólaaksturs úr Suðurhlíðum í Hlíðaskóla

Lagt er til að fella niður skólaakstur úr Suðurhlíðum í Hlíðaskóla frá og með upphafi skólaársins 2026-2027.

Greinargerð:

Fram kemur í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 að sveitarfélögum er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum.

Samkvæmt 22. gr. grunnskólalaga bera sveitarfélög ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Í ljósi þess getur verið nauðsynlegt í ákveðnum tilvikum að koma upp reglubundnum skólaakstri.

Í 4. gr. reglna um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar segir:

4.1 Heimilt er að koma á reglubundnum skólaakstri með skólabifreið ef ekki er mögulegt að nota almenningsgöngur til samræmis við gr. 1.1, þar sem gönguleiðir eru ekki til staðar eða þar sem öryggi vegfarenda er verulega ábótavant og ekki unnt að bregðast við með öðrum hætti, að mati skrifstofu skóla- og frístundasviðs og skrifstofu samgöngustjóra Reykjavíkurborgar. Skólastjórar skulu senda tillögur sínar um reglubundinn skólaakstur til skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir 1. maí vegna komandi skólaárs.

4.2 Ákvörðun um akstur með skólabifreið eða að honum verði hætt er tekin af skóla- og frístundaráði sem meginreglu fyrir 1. júlí vegna komandi skólaárs. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglubundins skólaaksturs samkvæmt samþykktu skipulagi. Ef veitt er samþykki fyrir reglubundnum skólaakstri er það ótímabundið og gildir nema forsendur breytist.

Skólaakstur í Hlíðaskóla úr Suðurhlíðum kostar um það bil 450.000 kr. á mánuði eða 4,1 milljón kr. á ári miðað við að akstur standi yfir í níu mánuði á ári. Áætlað er að næsta skólaár verði 55 nemendur með lögheimili í Suðurhlíðarhverfi. Líklegt að um það bil 14-



Reykjavík



16 börn muni nýta skólaakstur í Hlíðaskóla að morgni næsta skólaár samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra.

Allir þessir nemendur búa innan fjarlægðaviðmiða skv. reglum um strætókort, þ.e. innan 1,5 km í 1. til 4. bekk og 2 km vegna nemenda í 5. til 10. bekk. Samkvæmt upplýsingum sem skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur aflað er gönguleið nemenda með lögheimili í Suðurhlíðum á bilinu 815 – 1390 metrar.

Tekið er fram að það er mat skrifstofu skóla- og frístundasviðs að gönguleiðin sé ekki erfiðari en gengur og gerist í borginni. Að mestu er gengið á göngustíg eða meðfram götu með 30 km hámarkshraða þar sem mikið er af hraðahindrunum og svo er farið um undirgöng, yfir ein ljós um hjólastíg og yfir gangbraut við grunnskólann.

Leitað var umsagnar um tillöguna til umhverfis- og skipulagssviðs, samgangna og borgarhönnunar. Umsögn, dags. 22. júní 2026, er meðfylgjandi. Aðgerðir sem þar eru taldar upp auka öryggi gönguleiða til og frá Suðurhlíðum og minnkar þörf á skólaakstri úr Suðurhlíðum í Hlíðaskóla.

Leitað var umsagnar skólaráðs Hlíðaskóla vegna tillögunnar. Umsögn, dags. 14. ágúst 2026 er meðfylgjandi.





Viðtakandi: Skóla og frístundasvið

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið, samgöngur og borgarhönnun

Reykjavík, 22. júní 2026

Málsnúmer: SFS 25010151

Umsögn ráðgerðar breytingar skólaakstur úr Suðurhlíðum í Hlíðarskóla

Skóla- og frístundasvið (SFS) óskaði eftir umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þar sem ráðgert er að taka af skólaakstur úr Suðurhlíðum í Hlíðarskóla. Beiðni um umsögn var send með tölvupósti 15. maí. SFS bendir á að samkvæmt könnun nýti um 15–20 af 55 börnum í hverfinu aksturinn.

Umsögn:

Skólaakstur hefur verið milli Suðurhlíða og Hlíðarskóla. Göngufjarlægð milli byggðarinnar í Suðurhlíðum Hlíðahverfis er lengst rúmlega 1.300 m. Ætla má að það taki nemendur á bilinu 20-30 mínútur að ganga, fyrir þá sem lengst búa frá. Ástand og öryggi gönguleiða er að stærstum hluta sambærilegt og víða annarsstaðar innan hverfa borgarinnar. Hámarkshraði gatna sem þarf að þvera í plani er alls staðar 30 km/klst. Hámarkshraði á Bústaðavegi er 50 km/klst. en undirgöng eru undir Bústaðaveg við Birkihlíð þannig að ef gengið er í skólann þarf ekki að fara yfir Bústaðaveg.

Fyrir vetrartímabilið 2026/27 hefur skrifstofa samgangna og borgarhönnunar lagt fram beiðni um hækkun forgangs snjómoksturs á stystu gönguleiðum milli Suðurhlíða og Hlíðarskóla innan Umhverfis- og skipulagssviðs. Samkvæmt gildandi fyrirkomulagi falla hlutar leiðarinnar undir mokstur fyrir kl. 12 á hádegi, en aðrir styttri kaflar skulu mokaðir innan 36 klukkustunda frá síðustu úrkomu.

Fyrir liggur það mat að engar hindranir standi í vegi fyrir hækkun forgangs snjómoksturs á umræddri leið, og að unnt sé að hrinda slíkri breytingu í framkvæmd fyrir komandi vetrartímabil. Samkvæmt uppfærðri forgangsroðun skal snjómokstri á leiðinni lokið fyrir kl. 8 að morgni.

Nýtt deiliskipulag liggur fyrir fyrir Veðurstofuhæð. Fyrirséð er að framkvæmd þess geti haft áhrif á gönguleiðir skólabarna frá Suðurhlíðum í Hlíðarskóla. Í því ljósi er mikilvægt að við útfærslu framkvæmdarinnar og gerð samninga við byggingaraðila verði kveðið skýrt á um skilyrði er varða legu, aðgengi og gæði gönguleiða um og meðfram svæðinu. Með því er stefnt að því að tryggja viðunandi umferðaröryggi þeirra skólabarna sem leið eiga um svæðið. Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar mun koma þeim sjónarmiðum áfram innan umhverfis- og skipulagssviðs til hlutaðeigandi.



Reykjavík



Það er mat skrifstofu samgangna og borgarhönnunar að þörf fyrir skólaakstur frá Suðurhlíðum í Hlíðarskóla muni minnka í kjölfar bættrar forgangsriðunar snjómoksturs á stystu gönguleið milli svæðanna.

Virðingarfyllst,
Carl Henrik Larsson
Samgöngur



Reykjavík

Skólaráðsfundur í Hlíðaskóla 14. ágúst 2026 kl. 14:00-14:20

Mættir voru: Aðalheiður Bragadóttir, Anna Soffía Reynisdóttir, Einar Máni Friðriksson, Guðni Kristmundsson og Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir

Aukafundur var haldinn til að fjalla um erindi frá Skóla- og frístundasviði um skólaakstur.

Umsögn skólaráðs um skólaakstur úr Suðurhlíðum í Hlíðaskóla:

Skólaráð Hlíðaskóla hagnar að skólaakstur leggist af en leggur áherslu á að tryggt sé að gönguleiðir úr Suðurhlíðum séu öruggar allt árið um kring og snjómokstri sé örugglega lokið fyrir skólabyrjun.